



Bættar starfsaðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar

- lokaskýrsla starfshóps -



Samantekt í júlí 2018
Jenný D. Gunnarsdóttir

© Hafnarfjörður 2018

Skrifstofa fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar

Forsíðumynd: Sjórnæingjabátasmíð á leikskólanum Stekkjarási

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Um starfshópinn.....	5
Þættir 1, 2 og 4.....	8
Þróun visturnartíma barna.....	11
Stytting vinnuvikunnar í ljósi lengdrar viðveru leikskólakennara með börnum.....	13
Lokun milli jóla og nýárs.....	14
Í kjölfarið	15
Heimildir	16
Fylgiskjöl	17
Fylgiskjal 1 – Erindisbréf.....	17
Fylgiskjal 2 – Ályktun leikskólastjóra	19
Fylgiskjal 3 – Erindi frá Félagi stjórnenda í leikskólum.....	20
Fylgiskjal 4 – Minnisblað um styttingu vinnuvikunnar	21
Fylgiskjal 5 – Lokun í leikskólum milli jóla og nýárs – minnisblað.....	23
Fylgiskjal 6 – Endurskilgreining á leikskóladeginum: tillögur um sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla	24

Inngangur

Næstum öll börn sækja leikskóla á Íslandi í dag og er hann skilgreindur sem hluti af grunnþjónustu sveitarfélaga. Hann er brýn þjónusta þar sem íbúar sveitarfélaga gera kröfu til að sé í boði. Leikskólinn er að mestu á ábyrgð sveitarfélaga hvað varðar rekstur og kostnað. Hann er menntastofnun um leið og hann er þjónustustofnun (lög um leikskóla 90/2008). Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið. Þá er íhugunarefni hvort stíga eigi skrefið til fulls og skólastigið fjármagnað líkt og grunnskólastigið. Starfssemi hans er mikilvæg þar sem lagður er grunnur að mikilvægustu námsþáttunum s.s. Málþroska, hreyfiþroska og félagsþroska.

Forsendur farsæls skólastarfs er mannauður skólanna. Mikil og oft og tíðum neikvæð umræða hefur skapast um leikskólann og hefur hún einkum beinst að starfsaðstæðum starfsfólks, manneklu og skort á fagmenntuðu fólki. Í Hafnarfirði er hlutfall leikskólakennara um 33%, 17% starfsfólks er með aðra háskólamenntun og ófaglærðir telja um 50%. Á landsvísu er hlutfall leikskólakennara um 34% og er því ljóst að til þess að uppfylla hlutfallið líkt og lögin segja til um, þá er langt í land.

Þeir þættir sem fjallað verður hér um er um byggja á tveimur þeimum: RÝMI og AÐSTÖÐU. Það sem hér er átt við er með skilgreiningu á rými er að nægjanlegt rými sé til athafna bæði fyrir börn og starfsfólk. Meginþættir skýrslunnar eru 2. 4. og 5. Þegar talað er um þætti þá er það vísun í þætti erindisbréfsins. Þáttur 1 segir til um yfirmarkmið starfshópsins og þá um leið skýrsluna í heild sinni, þáttur 3 um framtíðarsýn og þróun. Sjötti þátturinn er svo sér skýrsla sem varð til á meðan starfshópurinn starfaði um sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla (sjá fylgiskjal 5).

Um starfshópin

Kveikjan að þessari vinnu starfshópsins var að síðastliðið haust fékk fræðsluráð Hafnarfjarðar bréf frá leikskólastjórum í Hafnarfirði dagsett 4. september 2017 (sjá fylgiskjal 2) þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum yfir skorti á leikskólakennurum og skora á sveitarfélagið að gera leikskólann að eftirsóknarverðum starfsvettvangi með áherslu á fagmennsku, virðingu og góð starfskjör. Einnig barst erindi frá Félagi Stjórnenda í leikskóla dagsett 4. október (fylgiskjal 3), þar sem lýst er miklum áhyggjum af stöðu barna í leikskólum, meðal annars vegna of lítills rýmis, fjölda barna í hóp og lengd dvalartíma.

Þann 1. nóvember kom tillaga á fundi fræðsluráðs um stofnun starfshóps ásamt því að erindisbréf var lagt fram (fylgiskjal 1). Tilnefnt var í hópinn á fundi sem haldinn var þann 29. nóvember 2017. Samkvæmt erindisbréfi var starfshópnum ætlað að „leggja fram tillögur að bættum starfsaðstæðum, í þeim tilgangi að tryggja að vinnumhverfi starfsfólks og barna séu eins og best verður á kosið og gera leikskólastarfið í Hafnarfirði sem eftirsóknarverðast“.

Helstu verkefni starfshópsins voru að koma fram með tillögur um eftirfarandi:

1. Vinnuaðstaða starfsfólks og rými barna verði tekið til endurskoðunar. Að starfshópurinn finni leiðir til þess að sporna við álagsvöldum í leikskólum.
2. Leikrými og heildarrými barnahópa. Ýmsar tillögur hafa verið lagðar fram nú þegar og liggur tillaga til samþykktar þar um í fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárið 2018. Starfshópurinn skoði og vinni meðal annars úr þeim tillögum sem liggja fyrir og móti ígrundaða stefnu um raunverulega aukningu á rými á hvert barn í leikskólum.
3. Þróun vistunartíma barna. Framtíðarsýn um vistunartíma unnin.. Tölur frá Hagstofu frá 1998-2016 og niðurstaða OECD hafðar til hliðsjónar.
4. Sérstaklega verði skoðað stærð barnahópa og afleiðingar þess mikla álags fyrir börn að vera í stórum hópi í litlu rými löngum stundum. Tengt leikrými og álag vera í litu rými löngum stundum (fjallað um það).
5. Styttning vinnuvikunnar í ljósi lengdar á viðveru leikskólakennara með börnunum. Skoða með hvaða hætti er hægt að stytta viðveru leikskólakennara á deild. Starfshópurinn leiti leiða með það að markmiði að dagleg viðvera sé sex tímar á dag og svo 2 tímar sem t.d. væru til undirbúnings, funda, starfsþróunar og fleira.
6. Annað sem hópurinn telur mikilvægt og tengjast vinnslu málsins.

Starfshópurinn skoðaði sérstaklega og skilaði sérstaklega skýrslu um tillögur sem varða sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla (fylgiskjal 6).

Þess skal getið að þættir 1,2 og 4 byggja á sömu þáttum þ.e. rými og álag, verða því þessir þættir samþættir í skýrslunni.

Hóparnir voru tveir, annarsvegar var það stýrihópur og hins vegar starfshópur. Í stýrihópnum voru 3 kjörnir fulltrúar: Hann hafði það hlutverk að undirbúa fundi starfshópsins, með tilliti til þess hvað hafði verið rætt og ákveðið og hvernig umræðunni skildi háttað. Hópurinn fundaði alls 7 sinnum. Fyrsti fundur var haldinn þann 12. Desember 2017 og sá síðasti þann 13. apríl 2018.

Hörður Svavarsson fulltrúi Bjartrar framtíðar

Svava Björk Mörk fulltrúi Samfylkingarinnar

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir fulltrúi Sjálfstæðis flokks

Starfshópurinn fundaði alls 6 sinnum og var fyrsti fundur haldinn þann 1. desember 2017 og sá síðasti þann 8. maí 2018. Hópurinn viðaði að sér margskonar upplýsingum. Helst má þar nefna samantekt á gögnum frá Haraldi F. Gíslasyni formanni félags leikskólakennara sem jafnframt var hluti af hópnunum.

Starfshópurinn fékk fyrirlestur frá Kristínu Dýrfjörð dósent við HA, þar sem hún fór m.a. yfir stærð barnahópa og lengd leikskóladagsins í löndum OECD. Einnig var fenginn sérfræðingur á fjármálasviði Hafnarfjarðar til þess að rýna í og kostnaðargreina þá þætti sem starfshópurinn lagði fram og fannst skipta máli.

Óskað var eftir fulltrúum í starfshópinn frá skrifstofu fræðslu – og frístundaþjónustu, Félagi leikskólakennara, leikskólastjóra, leikskólakennara, foreldra og kjörnum fulltrúum. Eftirfarandi eru fulltrúar starfshópsins:

- Hörður Svavarsson fulltrúi Bjartrar framtíðar, formaður
- Guðbjörg Oddný Jónasdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokks
- Svava Björk Mörk, fulltrúi Samfylkingar
- Haraldur F. Gíslason, formaður Félags leikskólakennara
- Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra
- Steinunn Jónsdóttir, fulltrúi leikskólakennara

- Helga Hrönn Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna
- Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla
- Fanney Dóróthe Halldórsdóttir fræðslustjóri

Einnig sat Guðmundur Sverrisson sérfræðingur á fjármálasviði fundi eftir atvikum.

Þættir 1, 2 og 4

Vinnuaðstaða starfsfólks, leikrými og heildarrými, stærðir barnahópa

Allt frá því 2008 eða þegar lög um leikskóla (90/2008) voru samþykkt voru barngildisviðmiðin tekin út. Þrátt fyrir það þá eru þau enn sem viðmið í flestum leikskólum. Þegar þau voru sett inn á sínum tíma þá fjölgaði börnum töluvert. Með því að taka þau út úr lögnum var gerð tilraun til þess að snúa við þróuninni. Barngildisviðmiðin sem voru eru eftirfarandi:

- 5 ára barn, 0,8 barngildi þ.e. 10 börn gefa eitt stöðugildi
- 4 ára barn, 1 barngildi þ.e. 8 börn gefa eitt stöðugildi
- 3 ára barn, 1,3 barngildi þ.e. 6 börn gefa eitt stöðugildi
- 2 ára barn, 1,6 barngildi þ.e. 5 börn gefa eitt stöðugildi
- 1 árs barn, 2 barngildi þ.e. 4 börn gefa eitt stöðugildi

Í umræðunni í leikskólum Hafnarfjarðar hefur komið skýrt fram að leikskólakennarar og starfsfólk hafa um langa hríð kallað eftir því að það þyrfti að fækka börnum á á deildum. Að mati margra er álag einn stærsti vandinn sem leikskólastarfið stendur frammi fyrir sem m.a. er komið til vegna manneklu, of margra barna á hvern starfsmann og síðast en ekki síst mikils skorts á faglærðu starfsfólki. Í leikskólum almennt eru of mörg börn í of litlu rými í of langann tíma í senn.

Starfshópurinn skoðaði og fjallaði um þær tillögur sem Reykjavíkurborg lagði fram og eru þær þessar:

- 5 ára barn, 1 barngildi þ.e. 8 börn gefi eitt stöðugildi
- 4 ára barn, 1,1 barngildi þ.e. 7 börn gefi eitt stöðugildi
- 3 ára barn, 1,3 barngildi þ.e. 6 börn gefa eitt stöðugildi
- 2 ára barn, 2 barngildi þ.e. 4 börn gefi eitt stöðugildi

<https://reykjavik.is/sites/default/files/skyrslaleikskolakennarar.pdf>

Í fræðsluráði þann 26. apríl 2018 var lagt til að:

- 5 ára barn 1 barngildi þ.e. 8 börn gefi eitt stöðugildi
- 4 ára barn, 1,1 barngildi þ.e. 7 börn gefi eitt stöðugildi

Að öðru leyti yrðu viðmið óbreytt því sem áður hefur verið. Tillagan var kostnaðargreind og þýðir hún aukningu á 17 stöðugildum og kostnaður nemur 17. milljónum (sjá tafla 2).


Afgreiðsla fræðsluráðs var á þá leið að tekið var jákvætt í erindið og því vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2019.

Í maí 2017 var fræðslustjóra falið að vinna áfram með rýmisáætlun leikskóla. Í gildi hafði verið rýmisáætlun (sjá töflu) sem leikskólar höfðu farið eftir. En í kjölfar umræðunnar hófst vinna við nýja rýmisáætlun með það að markmiði að auka rými barna og starfsfólks á deildum.

Í nýrri fjárhagsáætlun sem samþykkt var fyrir 2018 var svo lögð áhersla á að bæta starfsaðstæður í leikskólum og minnka álag á starfsfólk. Meðal þeirra atriða sem koma fram er að „stigin verða fyrstu skrefin í því að auka rými barna í leikskólum og er Hafnarfjarðarbær að sýna frumkvæði í þeim efnum. Ný rýmisáætlun verður tekin upp með það að leiðarljósi að færri börn verði í barnahópum inni í leikskólum og er þannig markvisst unnið að því að bæta starfsumhverfið fyrir kennara jafnt sem börn.

Sjá <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/hafnarfjardarbaer-baetir-kjor-og-starfsumhverfi-i-leikskolum>

Nr.	Skóli	Eldra líkan				Nýtt reiknilíkan frá ágúst 2018				Mismunur
		Fjöldi nemenda	Dvalargild i	heildarfm 2 á nem.	Var - Fjöldi leikrýmis fm2 á nem.	Fjöldi nemenda	Dvalargild i	heildarfm 2 á nem.	Verður - Fjöldi leikrýmis fm2 á nem.	
04111	Álfaberg	94	1.090	0,0	3,2	85	1.090	0,0	3,5	9,0
04112	Norðurberg	104	1.203	8,3	3,6	104	1.203	8,3	3,6	0,0
04113	Arnarberg	90	972	7,2	3,1	80	972	8,1	3,5	10,0
04114	Smáralundur	59	570	8,5	3,2	53	570	9,5	3,5	6,0
04115	Víðivellir	126	1.257	7,9	3,9	126	1.257	7,9	3,9	0,0
04116	Hvammur	120	1.230	7,3	4,0	120	1.230	7,3	4,0	0,0
04118	Hlíðarberg	105	1.060	7,4	4,3	105	1.060	7,4	4,3	0,0
04119	Vesturkot	84	919	7,5	3,7	84	919	7,5	3,7	0,0
04121	Hlíðarendi	90	971	7,1	3,8	85	971	7,1	3,8	5,0
04122	Hörðurvellir	84	809	8,3	3,1	75	809	9,3	3,5	9,0
04123	Álfasteinn	86	850	8,1	3,1	77	850	9,1	3,5	9,0
04124	Tjarnarás	90	857	7,7	3,1	80	857	8,7	3,5	10,0
04125	Stekkjars	180	1.857	8,0	3,3	170	1.857	8,5	3,5	10,0
04126	Hraunvalla	100	1.070	11,0	3,3	95	1.070	11,6	3,5	5,0
04129	Bjarkalundur	84	956	11,3	3,6	84	956	11,3	3,6	0,0



(Tafla 1.) Aukið rými í 9 leikskólum og fækkun barna samhliða því

Á fundi starfshópsins þann 20. mars lagði hann til við fræðsluráð að leikrými barna yrði skilgreint upp á nýtt. Einungis verði talið til leikrýmis það rými sem börnin hafa að jafnaði aðgang að til leiks allan daginn og sömu viðmið yrðu varðandi mælingar. Að sameiginlegt rými yrði tekið út en í þeirri áætlun sem tafla 1 sýnir er þar inni sameiginlegt rými.

Bókunin var svohljóðandi:

„Hópurinn taldi það mikla nauðsyn að gera breytingar á skilgreiningu rýmis hið fyrsta. Fjöldi fermetra sem í dag er skilgreindur sem leikrými er ekki of mikill en það sem veldur verulegum vandræðum og slæmum aðbúnaði barna í sumum skólum er að sameiginlegt rými (t.d. hreyfisalur) sem börnin eiga eingöngu stundum aðgang að, er talið til leikrýmis. Þannig eru dæmi um að börn sem ættu að hafa 3,5 m² til leiks hafi að jafnaði eingöngu 1,8m² til leiks á deildinni sinni. Það má öllum ljóst vera ljóst að slíkt er óviðunandi“.

Afgreiðsla málsins var sú að fræðslustjóra var falið að taka saman þau áhrif sem tillagan hefur á nýskilgreind viðmið um leikrými og heildarrými barna í leikskólum Hafnarfjarðar.

Í framhaldinu var unnin ný áætlun (sjá töflu 2) og tekin út öll fjölnota rými og reiknað út frá því fermetra per barn og heildarrými. Í ljós kemur að miðað við núverandi fjölda barna, sem er í dag 170, færi niður í 1518. Ef tillagan tæki gildi þá þýddi það fækkun barna um 183.

Nr	Grunnskóla- hverfi	Leikskóli	Núverandi staða			3,5 á leikrými - Haust 2018			Mismunur			3,5 á leikrými - salur			Mismunur			
			Fjöldi nemenda		Fjöldi fm á leikrými	Fjöldi nemenda		Fjöldi fm á leikrými	Fjöldi nemenda		Fjöldi á nem.	Fjöldi	Fjöldi		Fjöldi nemenda	Fjöldi fm2		Fjöldi
			2017- 2018	Fjöldi fm2 á nem.		Haust 2018	Fjöldi fm2 á nem.		Fjöldi nemenda	Fjöldi fm2 á nem.			Fjöldi fm2 á nem.	Fjöldi fm á leikrými		Fjöldi fm2 á nem.	Fjöldi fm2 á nem.	
04111	Lækjarskóli	Álfaberg	94	0,0	3,2	85	0,0	3,5	-9	0	0	85	0,0	3,5	-9	0,0	0,3	
04112	Engidalur	Norðurberg	104	8,3	3,6	104	8,3	3,6	0	0	0	94	9,2	4,0	-10	0,9	0,4	
04113	Lækjarskóli	Amarberg	90	7,2	3,1	80	8,1	3,5	-10	1	0	67	9,7	4,2	-23	2,5	1,1	
04114	Hvaleyri	Brekku-hvammur	59	8,5	3,2	53	9,5	3,5	-6	1	0	43	11,7	4,3	-16	3,2	1,2	
04115	Víðistaða	Víðivellir	126	7,9	3,9	126	7,9	3,9	0	0	0	110	9,0	4,5	-16	1,1	0,6	
04116	Öldutún	Hvammur	120	7,3	4,0	120	7,3	4,0	0	0	0	120	7,3	4,0	0	0,0	0,0	
04117	Víðistaða	Hjalli	155	7,1	3,2	155	7,1	3,2	0	0	0	155	7,1	3,2	0	0,0	0,0	
04118	Setberg	Hlíðarberg	105	7,4	4,3	105	7,4	4,3	0	0	0	105	7,4	4,3	0	0,0	0,0	
04119	Hvaleyri	Vesturkot	84	7,5	3,7	84	7,5	3,7	0	0	0	74	8,5	4,2	-10	1,0	0,5	
04121	Setberg	Hlíðarendi	90	7,1	3,8	90	7,1	3,8	0	0	0	84	7,6	4,0	-6	0,5	0,3	
04122	Lækjarskóli	Hörðurvellir	84	8,3	3,1	75	9,3	3,5	-9	1	0	64	10,9	4,1	-20	2,6	1,0	
04123	Hvaleyri	Álfasteinn	86	8,1	3,1	77	9,1	3,5	-9	1	0	62	11,3	4,3	-24	3,1	1,2	
04124	Ásland	Tjarnarás	90	7,7	3,1	80	8,7	3,5	-10	1	0	54	12,8	5,2	-36	5,1	2,1	
04125	Ásland	Stekkjjarás	180	8,0	3,3	170	8,5	3,5	-10	0	0	139	10,4	4,3	-41	2,4	1,0	
04126	Hraunvalla	Hraunvalla	100	11,0	3,3	95	11,6	3,5	-5	1	0	76	14,5	4,4	-24	3,5	1,1	
04127	Hraunvalla	Hamravellir	118	7,0	3,1	118	7,0	3,1	0	0	0	118	7,0	3,1	0	0,0	0,0	
04129	Hraunvalla	Bjarkalundur	84	11,3	3,6	84	11,3	3,6	0	0	0	68	14,0	4,4	-16	2,7	0,8	
Tillögur			1769	7,6	3,4	1701	8,0	3,6	-68	0,3	0,2	1518	9,3	4,1	-251	1,7	0,7	

(Tafla 2) Aukið rými og fækkun barna samhliða því.

Þróun vistunartíma barna


Langur dvalartími barna í leikskóla er orðin staðreynd og tölur sýna að vert er að hafa af því áhyggjur. Jafnvel er það staðreynd að oft eru börn farin að „vinna“ lengri vinnudag en foreldrar þeirra.

Einn þáttur sem starfshópurinn skoðaði var lengd vistunartími barna. Hinn íslensku veruleiki er sá að langflest börn á hvaða aldri sem er dvelja sjö tíma eða lengur í leikskólum. Þrátt fyrir að gæði leikskólastarfs séu mikil og foreldrakannanir sýna að ánægja foreldra er mikil þá er sú þróun um viðveru barna í leikskólum ekki heillavænleg sé litið á stöðu barna.

Starfshópurinn fékk Kristínu Dýrfjörð, lektor við háskólann á Akureyri til að flytja erindi um leikskólann. Bar fyrirlesturinn yfirskriftina „leikskóli á tímamótum, vellíðan og vanlíðan. Fór hún m.a. yfir í erindi sínu skýrslu OECD um leikskólamál sem út kom í júní 2017. Hún benti á það samkvæmt skýrslunni að íslensk börn dvelja mun lengur í leikskóla yfir daginn en tíðkast í þeim samnaburðar löndum sem skýrslan nær yfir. „Áður fyrir voru börn oft fimm til sex tíma í leikskóla.

Árið 1998 voru t.d. aðeins um 43% barna í átta tíma á dag, en árið 2016 var þessi hópur orðin rúmlega 87% (sjá töflu 3). Einnig kemur fram sem er áhyggjuefni að samsetning barnahópa í leikskólum er mun stærri hér en í samanburðarlöndunum. Ennfremur er viðvera leikskólakennara með börnunum lengri hér á landi en í öðrum ríkjum. Leikskólar á Íslandi eru með mun fleira starfsfólk en þau samanburðarríki sem skoðuð voru en aftur á móti með mun fleiri börn og mun minna rými.

Börn í leikskólum eftir aldri barna og lengd viðveru 1998-2016



Tafla 3. Heimild Hagstofa Íslands

Stytting vinnuvikunnar í ljósi lengdrar viðveru leikskólakennara með börnum

Starfshópurinn vildi skoða með hvaða hætti væri hægt að stytta viðveru leikskólakennara á deild og að vinnutíminn gæti orðið sambærilegur því sem er á öðrum skólastigum.

Markmiðið var að leita leiða þannig að dagleg viðvera leikskólakennara væri sex tímar á dag og svo tveir tímar sem t.d. væru nýttir til undirbúnings, funda, starfsþróunar og fleira.

Stýrihópurinn fékk Berglindi Bergþórsdóttur mannauðsstjóra bæjarins til þess að koma á fund og segja frá tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar sem hafði verið í framkvæmd frá 1. mars 2015 og segja frá helstu niðurstöðum. Einna helst var hópurinn að falast eftir upplýsingum frá leikskólanum sem tók þátt. Niðurstöður benda til jákvæðra áhrifa verkefninsins þó það hafi birst með ólíkum hætti á starfsstöðvunum. Hvað varðar leikskólann sem tók þátt þá mátti greina áhrif á starfsánægju og samræmingu vinnu og einkalífs, samkvæmt mælingum sem gerðar voru í upphafi verkefnis og svo

í

lokin.

Sjá:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/lokaskyrsla_120516.pdf

Í framhaldi af þessu leggur stýrihópurinn til að eftirfarandi tillaga verði borin upp og var það samþykkt og vísað til fræðsluráðs:

Lagt er til að sveitarfélagið geri tilraun með styttingu vinnuviku leikskólastarfsmanna líkt og verð er að þróa hjá sumum öðrum rekstraraðilum leikskóla. Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu verði falið að auglýsa meðal leikskólum Hafnarfjarðarbærjar eftir leikskólum sem áhuga hafa á að taka þátt í verkefninu. Sé áhugi fyrir slíku er skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu falið að þróa tilraun til eins árs með 35 stunda vinnuviku í leikskólum sem það kjósa og uppfylla þær forsendur sem í verkefninu felast eftir að fræðsluþjónustuan hefur þróað tilraunina.

Í framhaldinu var lagt fram minnisblað (sjá fylgiskjal 4)

Afgreiðsla var á þann veg að Fræðsluráð leggur til að settur verði á laggirnar starfshópur á vegum fræðslu- og frístundaþjónustu sem undirbúi tilraunaverkefni um styttri vinnuviku í leikskólum bæjarins í samræmi við það sem kemur fram í minnisblaði fræðslustjóra.

Lokun milli jóla og nýárs

Í ályktun frá leikskólastjórum (sjá fylgiskjal 5). kom fram tillaga um að loka leikskólum bæjarins á milli jóla og nýárs og starfsfólk héldi fullum launum á meðan. Einnig óskaði formaður starfshópsins um að tillaga starfshópsins um að takmarka lokun leikskólanna milli jóla og nýárs verði sett á dagskrá fræðsluráðs, þann 16. maí 2018. Tillagan var svohljóðandi:

„Starfshópurinn hefur fjallað um nýtingu í leikskólum milli jóla og nýárs. Í könnun sem gerð var fyrir ári kom fram að nýtingin er afar lítil. Þróunarfulltrúi kynnti fyrir hópnum könnun sem hún hafði gert og kom í ljós að nýtingin er afar lítil, eða á bilinu 30 - 40%. Í ljósi þess að leikskólabörnum er ekkert síður mikilvægt en grunnskólabörnum að fá frí frá sínum skólum og að starfshópnum er ætlað að finna leiðir til að auka starfsánægju og að lokun leikskóla milli jóla og nýárs fer vel saman við hugmyndir Félags leikskólakennara, leggur starfshópurinn til við fræðsluráð að þegar skóladagatal verður ákveðið fyrir næsta skólaár verði leikskólar lokaðir þá tvo virku daga sem eru milli hátíða um áramótin næstu. Í tölum frá OECD frá 2017 kemur fram að árlegur starfstími leikskólakennara á Íslandi er með því lengsta er þekkt í heiminum. Litið verði á að þessi aðgerð samræmist hugmyndum um styttingu vinnuviku og fækkun árlegra vinnustunda leikskólakennara. Skoðaðir verði möguleikar á úrræði líkt og frístund í grunnskólunum þessa daga ef fram kemur brýn þörf fyrir slíkt“.

Rök með tillögunni:

- Nýting á plássum er lítil
- Leikskólabörn þurfa frí líkt og grunnskólabörn
- Liður í að auka jafnvægi milli vinnu og einkalífs
- Gæti mögulega laðað fólk til starfa.

Rök á móti tillögunni:

- Starfsfólk grunnskóla (kennarar, skólaliðar, stuðningsfulltrúar, frístundaleiðbeinendur BHM fólk) vinnur jólafrí/lokunina af sér. Það gæti komið krafa frá þessum hóp að þurfa ekki að vinna fríð af sér. Einnig gætu aðrir hópar hjá sveitarfélaginu gert sömu kröfu s.s. skrifstofur og íþróttamannvirki.
- Leikskólastarfsfólk vinni af sér fríð.

Afgreiðsla fræðsluráðs var svohljóðandi: Fræðslustjóra falið að gera viðhorfskönnun meðal foreldra um möguleika á frídögum í leikskóla milla jóla og nýárs sem hefði það markmið að jafna starfsumhverfi leik- og grunnskóla.

Í kjölfarið

Hugsanlega mætti nýta sér hugmyndir og tillögur nefndarinnar sem raunhæfar lausir á vanda leikskólans.

Ljóst er að leikskólinn er í vanda sem verður að leysa eigi hann að vera það sem honum er ætlað að vera þ.e.a.s. menntastofnun. Koma þarf á aðgerðum til þess að mæta manneklu og efla mannauðinn í leikskólum.

Leikskólinn þarfnast breytinga, hann getur ekki ávallt verið í nauðvörn hann þarf að fá að blómstra og til þess að svo megi verða þarf breytingar.

Virðingarfyllst,


Jenný D. Gunnarsdóttir

Þróunarfulltrúi leikskóla

Heimildir

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

OECD (2017). Starting Strong 2017. Key OECD Indicators on Early Childhood Education and Care. Sótt á vef OECD: <http://www.oecd.org/edu/school/starting-strong-2017-9789264276116-en.htm>

Hafnarfjörður (2017). Frétt af vef Hafnarfjarðarbæjar um bætt kjör og starfsumhverfi í leikskólum. Sótt á vef Hafnarfjarðar þann 5. Júlí 2018:

<https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/hafnarfjardarbaer-baetir-kjor-og-starfsumhverfi-i-leikskolum>

Reykjavíkurborg (2016). Skýrsla um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar. Sótt á vef Reykjavíkurborgar þann 8. júlí 2018:

https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_frettir/lokaskyrsla_120516.pdf

Reykjavíkurborg (2018). Starfshópur um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík. Sótt á vef Reykjavíkurborgar þann 8. júlí 2018:

<https://reykjavik.is/sites/default/files/skyrslaleikskolakennarar.pdf>

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Erindisbréf



Erindisbréf

Starfshópur um starfsaðstæður í leikskólum

Starfshópurinn starfar samkvæmt samþykkt fræðsluráðs frá 30. október 2017

Hlutverk:

Megin verkefni starfshópsins er að leggja fram tillögur að bættum starfsaðstæðum í leikskólum. Í þeim tilgangi að tryggja að vinnuumhverfi starfsfólks og barna séu eins og best verður á kosið og gera leikskólastarfið í Hafnarfirði sem eftirsóknarverðast.

1. Vinnuaðstaða starfsfólks og rými barna verði tekið til endurskoðunar. Að starfshópurinn finni leiðir til þess að sporna við álagsvöldum í leikskólum.
2. Leikrými og heildarrými barnahópa. Ýmsar tillögur hafa verið lagðar fram nú þegar og liggur tillaga til samþykktar þar um í fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárið 2018. Starfshópurinn skoði og vinni meðal annars úr þeim tillögum sem liggja fyrir og móti ígrundaða stefnu um raunverulega aukningu á rými á hvert barn í leikskólum.
3. Þróun vistunartíma barna. Framtíðarsýn um vistunartíma unnin. Tölur frá Hagstofu frá 1998-2016 og niðurstaða skýrslu OECD hafðar til hliðsónar.
4. Sérstaklega verði skoðað stærð barnahópa og afleiðingar þess mikla álags fyrir börn að vera í stórum hópi í litlu rými löngum stundum.
5. Stytting vinnuvikunnar í ljósi lengdar á viðveru leikskólakennara með börnunum. Skoða með hvaða hætti er hægt að stytta viðverðu leikskólakennara á deild. Starfshópurinn leiti leiða með það að markmiði að dagleg viðvera sé sex tímar á dag og svo 2 tímar sem t.d. væru til undirbúnings, funda, starfsþróunar og fleira.
6. Annað sem hópurinn telur mikilvægt og tengjast vinnslu málsins.

Starfshóp skipa

- Þrír fulltrúar fræðsluráðs (einn fulltrúi er jafnframt formaður)
- Fulltrúi stjórnenda í leikskólum Hafnarfjarðar
- Einn leikskólakennari úr leikskólum Hafnarfjarðar
- Fulltrúi tilnefndur af félagi leikskólakennara
- Fulltrúi foreldra leikskólabarna

Sviðsstjóri og þróunarfulltrúi leikskóla eru starfsmenn hópsins

Þrír fulltrúar fræðsluráðs ásamt sviðsstjóra og þróunarfulltrúa skipa jafnframt stýrihóp fyrir verkefnið.

Verkefni sviðsstjóra:

Stýrir framgangi verkefnisins

Boðar fundi

Samskipti við hagsmunaaðila

Tengsl við aðrar einingar innan stjórnkerfis Hafnarfjarðar sem málið varðar

Verkefni þróunarfulltrúa er:


- Söfnun gagna og upplýsinga sem þörf er á

Aðstoðarmaður sviðsstjóra ritar fundi og sér um skráningu gagna.

Starfshópurinn getur kallað eftir ráðgjöf og samstarfi innan og utna bæjarins eftir því sem við á og kallað til aðila sem þeir óska eftir og telja að styðji framkvæmd verkefnisins.

Starfshópurinn hefji störf 17. nóvember 2017 og skili lokaskýrslu með tillögum til fræðsluráðs 1. maí 2018

Hafnarfirði 30. október 2017



Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu

Fylgiskjal 2 – Ályktun leikskólastjóra

Hafnarfjörður 25. október 2017

Bréf sent til bæjarstjóra Hafnarfjarðar, fræðslustjóra Hafnarfjarðar og formanns fræðsluráðs Hafnarfjarðar.

Á fundi leikskólastjóra 25.10.2017 fór umræða af stað vegna starfsumhverfis leikskólastarfsmanna og leikskólabarna. Leikskólaskólastjórar lýsa yfir miklum áhyggjum af almennri stöðu beggja þar sem margir stjórnendur glíma við undirmönnun og mikil veikindi meðal starfsmanna og því erfitt að halda uppi faglegu og metnaðarfullu skólastarfi dag frá degi.

Við vísum í ályktun samráðsnefndar FSL, sem lögð var fram á fundi Fræðsluráðs 18.10.2017, þar sem fram kom í megin atriðum að mikið álag væri á ungum börnum í litlu rými með langan vistunartíma, áhyggjur af geðtengslaröskun barna sem getur leitt til kvíða og einbeitingarskorts, mikið álag í starfi, óviðunandi vinnuaðstæður sem geta leitt til langtíma veikinda og kulnun í starfi svo fátt eitt sé nefnt. Einnig viljum við benda á að samkvæmt OECD niðurstöðum 2017þá eru íslenskir leikskólakennarar með lengstu viðveru með börnum í Evrópu. Tölur frá Hagstofu Íslands sýna aukna viðveru barna um aukna viðveru barna um 117% í sama rými.

Í ljósi þessara umræðna leggjum við til, leikskólastjórar í Hafnarfirði :

- Í fyrsta lagi: aukið rými fyrir hvert barn í leikskólum, fækka börnum á deildum
- Í öðru lagi: loka leikskólum milli jóla- og nýárs á fullum launum
- Í þriðja lagi: stytting vinnuviku í 37,5 klst. (hálf tími á dag)

Þessar aðgerðir ættu að hjálpa okkur sem stöndum að leikskólamála í Hafnarfirði, í að auka áhuga fólks á starfinu, draga úr álagi, minnka líkurnar á kulnun, auka starfsánægju, bættri heilsu á starfsmönnum og börnum. Að auki og ekki síst gæti leikskólinn orðið eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfasta fólkið. Þessir liðir eru svo sannarlega á pari við stefnu Hafnarfjarðar sem heilsueflandi samfélag.

Fyrir hönd leikskólastjóra í Hafnarfirði 25.10.2017,

Anna Borg Harðardóttir, leikskólastjóri Norðurbergi

Svava Björg Mörk, leikskólastjóri Bjarkarlundi

Sigrún Kristinsdóttir, leikskólastjóri Hraunvallarskóla

Fylgiskjal 3 – Erindi frá Félagi stjórnenda í leikskólum



Reykjavík, 4. október 2017


B.t. Skólanefndar*

Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla (FSL) hefur miklar áhyggjur af stöðu barna í leikskólum, meðal annars vegna of lítills rýmis, fjölda barna í hóp og lengd dvalartíma eins og niðurstöður skýrslu OECD „Starting strong“ sýnir (http://www.oecd-ilibrary.org/education/starting-strong-2017_9789264276116-en).

Samkvæmt skýrslu OECD eigum við met hér á landi í dvalartíma nemenda okkar, bæði í klukkutímum á dag og fjölda daga á ári.

Myndin hér að neðan sýnir þróun dvalartíma 1998 – 2016 (tölur frá Hagstofu Íslands).

Þróun vistunartíma 1998 - 2016 hlutfall nemenda með 8 klst. eða lengri vistunartíma.



Árið 1998 voru 40,3% nemenda með 8 klst. eða lengri dvalartíma en árið 2016 var þessi hópur 87,3%.

Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla (FSL) sendi frá sér ályktun um stöðu leikskólubarna eftir fund sinn 28. – 29. september 2017. Hún er nú send á skólanefndir sveitarfélaga til umfjöllunar. FSL lýsir sig reiðubúð til viðræðna og til ráðgjafar til að bæta starfsaðstæður nemenda okkar.

Virðingarfyllt,
Sigurður Sigurjónsson, starfandi formaður FSL
sigurdur@ki.is

*Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólustjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þessu til viðbótar koma verkefni nefndarinnar til tals í greinum 11, 14, 28 og 30 í lögum um leikskóla.

26. apríl 2018

Minnisblað um tilraunaverkefni um 35 stunda vinnuviku í leikskólum. Unnið í tengslum við tillögu starfshóps um starfsaðstæður leikskólum.

Neðangreint eru minnispunktar mannauðsstjóra um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar sem unnir eru úr skýrslu Reykjavíkurborgar og gefa vísbendingu um að hverju þarf að huga þegar farið er af stað með slíkt verkefni

Fyrirkomulagið hjá Reykjavíkurborg og reynslan af verkefninu:

- Tilraunverkefni sem hefur verið í mótun frá 2014 byggir á samþykkt borgarstjórnar frá sama ári. Markmiðið var að kanna áhrif styttri vinnuviku á heilsu, vellíðan, starfsanda og þjónustu, bæði með tilliti til gæða og hagkvæmni. Ákveðið var að velja starfsstaði á sviði velferðar og fræðslu og þar sem starfsfólk væri undir miklu álagi.
- Starfshópur skipaður pólitískt kjörnum fulltrúum og fulltrúum BSRB, sem átti að hafa umsjón með verkefninu. Starfsmenn stýrihóps komu frá barnavernd, þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, velferðarsviði og síðan mannauðssérfræðingur frá ráðhúsi. Samsetning hópsins breyttist þegar leið á og komu þá fleiri fulltrúar inn í hópinn frá þeim fagsviðum sem komu inn í verkefnið á seinni stigum.
- Fyrsti áfangi tilraunverkefnisins fór af stað í mars 2015. Skrifstofur þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og barnaverndin voru fyrstu starfsstaðirnir til að taka þátt. Haustið 2016 bættust leikskólinn Hof við, Laugardalslaug, heimþjónusta og heimahjúkrun í efri byggð og hverfis- og verkþækistöðvar borgarinnar. Talið mikilvægt að fá líka „karlavinnustaðina“ inn í tilraunina.
- Útfærsla styttingarinnar var mismunandi, en alls staðar var um sömu styttingu að ræða eða 4 klukkustundir á viku miðað við fullt starf fyrir utan þjónustumiðstöðina þar var styttingin 5 klst.

Lögð var áhersla á að hafa fölbreytt mat á árangri og ólíka mælikvarða s.s.:

- Þjónustukönnun
- Álags- og starfsánægju kannanir
- Hreyfingar í málaskrá
- Símtalafjöldi
- Könnum meðal samstarfsaðila/þjónustuþega
- Yfirvinnutímar
- Starfsmannavelta
- Fjöldi vinnustunda
- Tíðni og umfang veikindafjarvista
- Kostnaður vegna lenginga á bakvöktum (barnavernd)
- Slysaskráningar
- Viðhorfskönnun meðal starfsfólks

- Samanburðar vinnustaðir, mælingar þar líka á sama tíma

Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsfólk Reykjavíkurborgar tóku þátt í verkefninu sem lagðar voru fyrir 2015-17 bentu til jákvæðra áhrifa verkefnisins, þó það birtist með ólíkum hætti á starfsstöðvunum. Það dró úr andlegum og líkamlegum einkennum álags auk þess sem starfsánægja jókst á öllum starfsstöðunum fyrir utan einn. Sveigjanleiki í starfi kom einnig vel út á flestum stöðunum.


Hjá barnavernd dró úr skammtímaveikindum þegar verkefnið hófst en svo jukust þau aftur árið 2016 og stóðu í stað árið 2017. Álagseinkenni hafa einnig aukist aftur og starfsánægja er komin í sama far og fyrir tilraunaverkefnið. Sama gildir um heimþjónustuna efri byggð. Álag á leikskólanum Hofi virðist hafa minnkað, mældist minna en hjá samanburðarhópi. Hjá sumum vinnustöðum sem tóku þátt í verkefninu dró úr skammtímaveikindum en svo jukust þau aftur á meðan á öðrum vinnustöðum virðist hafa dregið úr veikindafjarvistum nokkuð varanlega. Kannanir og rannsóknir sem hafa verið gerðar benda til að upplifun starfsfólks og stjórnenda sé almennt jákvæð.

Mannauðsdeild ráðhúss Reykjavíkurborgar hefur annast árangursmælingar sem tengjast verkefninu en núna er búið að úthýsa þeim til félagsvísindastofnunar.

Ef Fræðslu- og frístundarþjónusta Hafnarfjarðar leggur af stað í verkefnið er mikilvægt að draga lærdóm af þeirri reynslu sem liggur fyrir og hafa eftirfarandi til hliðsjónar:

- Um tímabundið verkefnið sé að ræða til að tryggj sé að jafnræðis sé gætt
- Samningur um styttingu vinnuvikunnar verði gerður við alla starfsmenn sem taka þátt
- Settur verði af stað samstafshópur innan Hafnarfjarðarbæjar sem vinnur að undirbúningi og eftirfylgd
- Þeir vinnustaðir sem velja að taka þátt útbúi **umsókn um þátttöku** sem hópurinn fer yfir þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir þátttöku í verkefninu, væntanleg útfærsla á vinnustaðnum og undirbúningsáætlun viðkomandi starfsstaða
- Gert verði ráð fyrir að allt starfsfólk sem ráðið er á föst mánaðarlaun geti tekið þátt í verkefninu. Starfsfólk í hlutastörfum fengi hlutfallslega styttingu á vinnutímanum í samræmi við þátttöku annarra á vinnustaðnum.
- Útbúnar verði verklagsreglur og verklag við skráningar í Vinnustund vegna tilraunaverkefnisins
- Fjármagn þarf að fylgja verkefninu

Punktur unnir út frá upplýsingum frá mannauðsstjóra og úr skýrslu Reykjavíkurborgar sem var gefin út í apríl 2018 um árangur tilraunaverkefnis borgarinnar um styttingu vinnuvikunnar.



Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu

Fylgiskjal 5 – Lokun í leikskólum milli jóla og nýárs – minnisblað

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Skóladagatöl leikskóla í Hafnarfirði skólaárið 2018-2019, mál 1702299

Lokun í leikskólum milli jóla og nýárs.

Þann 25. október 2017 kom ályktun frá leikskólastjórum sem send var bæjarstjóra, fræðslustjóra og formanns fræðsluráðs Hafnarfjarðar. Í þessari ályktun kom m.a. fram að að loka ætti leikskólum bæjarins á milli jóla og nýárs og starfsfólk héldi fullum launum á meðan.

Þróunarfulltrúi leikskóla gerði könnun á nýtingu plássu í leikskólum Hafnarfjarðar milli jóla og áramóta 2017/2018. Niðurstaða þeirrar könnunar var að 30-40% barna nýttu plássin þessa þrjá daga sem um ræddi eða upb. þriðja hvert barn.

Tillaga skólastjórnenda fór til umræðu síðar í starfshópi um starfsaðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar. Formaður starfshóps um bættar starfsaðstæður í leikskóla lagði m.a. fram að tillaga frá starfshópsins um að takmarkaða lokun leikskólanna milli jóla og nýárs um áramótin 2018/2019 verði sett á dagskrá fræðsluráðs (6. fundur starfshópsins 20. mars 2018)

Tillagan er því til ákvörðunar í fræðsluráði fyrir skóladagatöl leikskóla skólaárið 2018-2019. Rök með og á móti tillögunni koma hér.

1. Rök með tillögunni.

Ef skoða ætti rök sem eru með þessari tillögu er helst að líta til þessa:

1. Nýting á plássum er lítil
2. Leikskólabörn þurfa frí líkt og grunnskólabörn
3. Líður í að auka jafnvægi milli vinnu og einkalífs
4. Gæti mögulega laðað fólk til starfa

2. Rök á móti tillögunni

Ef skoða ætti rök sem eru á móti þessari tillögu er helst að líta til þessa:

1. Aðrir starfsmenn sveitarfélagsins, sem færu fram á hið sama.
2. Leikskólastarfsfólk vinni af sér fríð

3. Kostnaðargreining tillögunnar

Áætlað er að þetta kosti 5,5 milljónir sem sveitarfélagið verður af í tekjum vegna innheimtu gjalda.

Fylgiskjal 6 – Endurskilgreining á leikskóladeginum: tillögur um sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla

Tillaga um gjaldfrjálsan leikskóla

Á fundi fræðsluráðs þann 13. desember 2017, var á dagskrá liðurinn: 1712146 - Breytingar á gjaldskrá fyrir leikskóla. Í texta í fundarboði með þeim lið sagði: Tillaga að kannað verði möguleikar á að gjaldskrá fyrir leikskóla verði breytt með þeim hætti að fyrstu sex klukkustundirnar verði gjaldfrjálsar.

Tillagan og greinargerðin sem lagðar voru fram voru svohljóðandi:

Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir leikskóla

Fulltrúar Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks leggja til að kannaðir verði möguleikar á að gjaldskrá fyrir leikskóla verði breytt með þeim hætti að fyrstu sex klukkustundirnar verði gjaldfrjálsar. Þetta verði til dæmis gert með því að skipta gjaldi fyrir 8,5 klukkustundir upp í fimm einingar sem byrja að telja við sex og hálf klukkustund. Skilyrði sé að ekki verði hækkun hjá þeim sem nú þegar nýta sér 8,5 klukkustunda dvalartíma og viðbótarafsláttur tengdur tekjuviðmiðum (20% og 40%) verði áfram virkur. Systkinafláttur verði einnig óbreyttur.

Þeir sem kaupa átta og hálf klukkustund muni eftir sem áður greiða sama gjald og þeir greiða samkvæmt gjaldskrá 2017 og fyrirhugaðri gjaldskrá 2018, en gjaldskráin hefur ekki hækkað í fjögur ár.

Greinargerð

Þessi aðgerð er fyrst og fremst hugsuð sem stuðningur við þá sem hafa lágar tekjur en gætu hugsanlega stytta dvalartíma barna í leikskólum. Það á einkum við um þá sem vinna hlutastörf en tölur sýna að tekjur þeirra eru að jafnaði lægri og rannsóknir benda til að heilsufar þeirra sé verulega oft ástæða þess að þeir vinna hlutastarf og eru því tekjulægri.

Tillagan hefur það í för með sér að ef engin breyting verður á dvalarstundafjölda barna í leikskólum eftir gjaldskrárbreytinguna munu um 5,5% foreldra ekki greiða neitt fyrir leikskóladvölinu en verulegur meirihluti foreldra mun greiða lægra gjald en þeir greiða í dag. Þeir sem kaupa átta og hálf klukkustund munu eftir sem áður greiða sama gjald og þeir greiða samkvæmt gjaldskrá 2017 og fyrirhugaðri gjaldskrá 2018, en gjaldskráin hefur ekki hækkað í fjögur ár.

Ef sú leið verður farin að skipta gjaldi fyrir 8,5 klukkustundir upp í fimm einingar sem byrja að telja við sex og hálf klukkustund, verður tímagjald sem nemur 5253 krónum fyrir hverja hálf klukkustund umfram sex klukkustundir.

Þessi tillaga gæti líka sparað foreldrum í fæðingarorlofi launatekjur sem nema um 50 þúsundum á mánuði ef þeir eiga eldra barn í leikskóla og gætu stytta dvalartíma þess úr meðaltals dvalartíma í sex klukkustundir á meðan á fæðingarorlofi stendur.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 5,5% þriggja ára barna ekki leikskóla árið 2016. Ekki hefur verið gerð rannsókn á því hvar þessi börn eru. Það kom þó fram í skýrslu Rauða krossins um fátæk börn á Íslandi að sum börn fari ekki í leikskóla vegna fátæktar. Það hefur einnig komið fram að stærsti hópurinn sem nýtur niðurgreiðslu leikskólagjalda í Hafnarfirði er með tekjur undir 1200 þúsundum á ári, sem stendur ekki undir lágmarksframfærslu. Mikilvægt er að kanna hvort gjaldfrjáls leikskóladagur í sex tíma geti gagnast börnum sem tilheyra hópum sem þarna um ræðir.

Þessi aðgerð gæti líka orðið til þess að gera fjölskyldum kleift að eiga meiri gæðatíma saman, en íslenskir foreldrar, bæði karlar og konur vinna lengur en foreldrar í löndunum sem við berum okkur saman við. Ástæða er til að hafa áhyggjur af löngum vinnudegi yngstu barnanna. Þær fjölskyldur sem geta skipulagt vinnutíma sinn þannig að minna en átta og hálf stund dugi, njóta fjárhagslegs ávinnings af aðgerðinni.

Vinnudagur karla er sérstaklega langur og hefur ekki dregist saman að marki þrátt fyrir aukna atvinnuþátttöku kvenna. Mikilvægt er að kanna möguleika á að hagrænir hvatar geti stuðlað að aukinni samveru fedra með börnum sínum. Í fréttum nýlega hefur verið bent á að í rannsóknum hafi komið fram að langur vinnudagur karla á Íslandi hefti konur.

Þann 1. júní 2015 lögðu sömu flokkar fram tillögu um að tilraun í þessa veru yrði undirbúin í tveimur leikskólum. Þá fögnuðu foreldrar henni með bókun en gagnrýndu jafnframt ójafnræðið sem felst í því að verkefnið nái eki til allra (einungis tveggja skóla). “Við fögnum hugmyndum fræðsluráðs varðandi sex tíma gjaldfrjálsan leikskóladag en viljum þó benda á að erfitt væri að gæta jafnræðis í slíku verkefni. Þar sem áskoranir okkar sneru að því að allir myndu njóta góðs af þá teljum við að mikilvægara sé að lækka leikskólagjöld og auka systkinaafslátt til jafns við nágrannasveitarfélög...”

Nú hefur verið farið að óskum foreldra um aukinn systkinaflátt og gjaldskrá hefur sannarlega lækkað að raunvirði, því hún hefur ekki verið hækkuð í samræmi við vísitölu á 4 ár og er nú orðin með þeim lægri á höfuðborgarsvæðinu. Það er því tímabært að taka þessar hugmyndir aftur til skoðunar og útfæra þær á breiðari grundvelli eins og vilji foreldra virtist standa til.

Framkvæmd tillögunnar ætti að hafa óverulegan kostnað í för með sér fyrir Hafnarfjarðarbæ ef dvalartími barna tekur að jafnað ekki miklum breytingum. Ef dvalartími styttist verulega mun draga úr þrýstingi á leikskólakerfið og hefur þá þau áhrif að auðveldara verður að gera nauðsynlegar úrbætur á leikskólastiginu, stytta vinnuviku starfsmanna og eða taka yngri börn inn í leikskólana.

Starfshópurinn tekur tillöguna til meðferðar

Tillagan var lögð fram í fræðsluráði og fékk mikla og jákvæða umræðu á fundinum sem hún var lögð fram á en að beiðni ráðsmanns sem var fjarstaddur var hún ekki afgreidd á fundinum.

Á fundi starfshóps um starfsaðstæður í leikskólum þann 9. janúar sl. var tillagan rædd og var eftirfarandi bókun gerð með vísan til 6. töluliðar í erindisbréfi starfshópsins.

2. Starfshópurinn ræddi tillögu sem lögð var fram í fræðsluráði 13. desember sl. um að kannaðir verði möguleikar á að gjaldskrá fyrir leikskóla verði breytt með þeim hætti að fyrstu sex klukkustundirnar verði gjaldfrjálsar. Starfshópurinn hefur ákveðið að taka hugmyndina til skoðunar og mun skila tillögum til fræðsluráðs hið fyrsta.

Umfjöllun starfshópsins fólst í;

- Samtali og samræðu á fundum
- Upplýsingaöflun frá fjármálasviði Hafnarfjarðarbæjar
- Samantekt og fyrirlestri formanns hópsins fyrir stýrihópinn
- Upplýsingaöflun á fyrirlestri Kristínar Dýrfjörð um tölfræði leikskóla í OECD löndum
- Samantekt og fyrirlestri formanns hópsins fyrir leikskólastjóra í Hafnarfirði
- Vinnufundi leikskólastjóra um tillöguna
- Niðurstöðu starfshópsins um tillöguna

Um fyrirlestur Kristínar Dýrfjörð

Starfshópurinn fékk fyrirlestur hjá Kristínu Dýrfjörð dósend við HA, þar sem hún fór yfir tölfræði OECD í leikskólum aðildarlandanna og fleiri landa. Þar kom m.a. fram að **barnahópar eru stærri á Íslandi en víðast, leikskóladagurinn er lengri hjá íslenskum börnum, viðvera leikskólakennara með börnunum er lengri hér á landi** en í öðrum ríkjum en leikskólar á Íslandi eru með stærri starfsmannahóp en önnur ríki í samanburðinum.

Samantekt formanns.

Megin verkefni starfshópsins

er að leggja fram tillögur að bættum starfsaðstæðum í leikskólum. Í þeim tilgangi að tryggja að vinnuumhverfi starfsfólks og barna séu eins og best verður á kosið og gera leikskólastarfið í Hafnarfirði sem eftirsóknarverðast.

Megininnihald tillögunnar er

...leggja til að kannaðir verði möguleikar á að gjaldskrá fyrir leikskóla verði breytt með þeim hætti að fyrstu sex klukkustundirnar verði gjaldfrjálsar. Þetta verði til dæmis gert með því að skipta gjaldi fyrir 8,5 klukkustundir upp í fimm einingar sem byrja að telja við sex og hálf klukkustund. Skilyrði sé að ekki verði hækkun hjá þeim sem nú þegar nýta sér 8,5 klukkustunda dvalartíma og viðbótarafsláttur tengdur tekjuviðmiðum (20% og 40%) verði áfram virkur. Systkinafláttur verði einnig óbreyttur.

Þeir sem kaupa átta og hálf klukkustund muni eftir sem áður greiða sama gjald og þeir greiða samkvæmt gjaldskrá 2017 og fyrirhugaðri gjaldskrá 2018, en gjaldskráin hefur ekki hækkað í fjögur ár.

Svipuð tillaga kom fram 2015

- Hlaut nokkra gagnrýni
- Væri illa rökstutt - vantaði greinargerð
- Þetta gagnaðist best þeim tekjuhæstu
- Gera átti tilraun í tveimur skólum og í því fælist ójafnræði
- Fulltrúar foreldra töldu brýnna að klára önnur mál fyrst
- Skipaður var starfshópur sem fundaði tvisvar og lauk ekki störfum

Koma aftur í desember 2017

- Betur rökstutt og ítarleg greinargerð...

- Þessi aðgerð er fyrst og fremst hugsuð **sem stuðningur við þá sem hafa lágar tekjur** en gætu hugsanlega stýtt dvalartíma barna í leikskólum. Það á einkum við um þá sem vinna hlutastörf en tölur sýna að tekjur þeirra eru að jafnaði lægri og rannsóknir benda til að heilsufar þeirra sé verulega oft ástæða þess að þeir vinna hlutastarf og eru því tekjulægri.

Úr greinargerð

- Þessi aðgerð gæti líka orðið til þess að gera fjölskyldum kleift að eiga meiri gæðatíma saman, en íslenskir foreldrar, bæði karlar og konur vinna lengur en foreldrar í löndunum sem við berum okkur saman við. **Ástæða er til að hafa áhyggjur af löngum vinnudegi yngstu barnanna.** Þær fjölskyldur sem geta skipulagt vinnutíma sinn þannig að minna en átta og hálf stund dugi njóta fjárhagslegs ávinnings af aðgerðinni.

- Tillagan hefur það í för með sér að ef engin breyting verður á dvalarstundafjölda barna í leikskólum eftir gjaldskrárbreytinguna munu um 5,5% foreldra ekki greiða neitt fyrir leikskóladvölinu en verulegur meirihluti foreldra mun greiða lægra gjald en þeir greiða í dag. **Þeir sem kaupa átta og hálf klukkustund munu eftir sem áður greiða sama gjald og þeir greiða samkvæmt gjaldskrá 2017** og fyrirhugaðri gjaldskrá 2018, en gjaldskráin hefur ekki hækkað í fjögur ár.

- Samkvæmt nýjum upplýsingum er 2,3% barna 6 tíma eða skemur í leikskóla í Hafnarfirði.

- Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 5,5% þriggja ára barna ekki leikskóla árið 2016. Ekki hefur verið gerð rannsókn á því hvar þessi börn eru. Það kom þó fram í skýrslu Rauða krossins um fátæk börn á Íslandi að sum börn fari ekki í leikskóla vegna fátæktar. **Það hefur einnig komið fram að stærsti hópurinn sem nýtur niðurgreiðslu leikskólagjalda í Hafnarfirði er með tekjur undir 1200 þúsundum á ári, sem stendur ekki undir lágmarksframfærslu.** Mikilvægt er að kanna hvort gjaldfrjáls leikskóladagur í sex tíma geti gagnast börnum sem tilheyra hópum sem þarna um ræðir.

- Vekur upp spurningar um hvar 3% til 5% barna eru - og af hverju...

- Þessi tillaga gæti líka sparað foreldrum í **fæðingarorlofi** launatekjur sem nema um 50 þúsundum á mánuði ef þeir eiga eldra barn í leikskóla og gætu stýtt dvalartíma þess úr meðaltals

dvalartíma í sex klukkustundir á meðan á fæðingarorlofi stendur.

- Ef sú leið verður farin að skipta gjaldi fyrir 8,5 klukkustundir upp í fimm einingar sem byrja að telja við sex og hálf klukkustund, verður tímagjaldið sem nemur 5253 krónum fyrir hverja hálf klukkustund umfram sex klukkustundir.

- **Mikilvægt að hafa þetta í huga. Þeir sem kaupa frá 6 tímum og upp í 8,5 spara líka.**

- Vinnudagur foreldra á Íslandi er mjög langur. Vinnudagur karla er sérstaklega langur og hefur ekki dregist saman að marki þrátt fyrir aukna atvinnuþátttöku kvenna. Mikilvægt er að kanna möguleika á að hagrænir hvatar geti stuðlað að aukinni samveru fedra með börnum sínum. Í fréttum nýlega hefur verið bent á að í rannsóknum hafi komið fram að langur vinnudagur karla á Íslandi hefti konur.

- **Bókun foreldra** fyrir tveimur árum “Við fögnum hugmyndum fræðsluráðs varðandi sex tíma gjaldfrjálsan leikskóladag en viljum þó benda á að erfitt væri að gæta jafnræðis í slíku verkefni. Þar sem áskoranir okkar sneru að því að allir myndu njóta góðs af þá teljum við að mikilvægara sé að lækka leikskólagjöld og auka systkinaafslátt til jafns við nágrannasveitarfélög...”

- Nú hefur verið farið að óskum foreldra um aukinn systkinaafslátt og gjaldskrá hefur sannarlega lækkað að raunvirði, því hún hefur ekki verið hækkuð í samræmi við vísitölu á 4 ár og er nú orðin með þeim lægri á höfuðborgarsvæðinu. **Það er því tímabært að taka þessar hugmyndir aftur til skoðunar og útfæra þær á breiðari grundvelli eins og vilji foreldra virtist standa til.**

- Framkvæmd tillögunnar ætti að hafa óverulegan kostnað í för með sér fyrir Hafnarfjarðarbæ ef dvalartími barna tekur að jafnaði ekki miklum breytingum. **Ef dvalartími styttest verulega mun draga úr þrýstingi á leikskólakerfið og hefur þá þau áhrif að auðveldara verður að gera nauðsynlegar úrbætur á leikskólastiginu,** stytta vinnuviku starfsmanna og eða taka yngri börn inn í leikskólana.


Fjárhagslega hliðin

Sagt hefur verið í gagnrýni á þessa hugmynd: “Það er ósanngjarnt ef þeir sem eru sex tíma þurfa ekki að borga neitt en þeir sem eru 6,5 eða 7 tíma þurfa að borga fullt”


- Já það er rétt - það er ósanngjarn
- En það verður ekki þannig
- “Þetta verði til dæmis gert með því að skipta gjaldi fyrir 8,5 klukkustundir upp í fimm einingar sem byrja að telja við sex og hálf klukkustund. Skilyrði sé að ekki verði hækkun hjá þeim sem nú þegar nýta sér 8,5 klukkustunda dvalartíma”

Ef sú leið verður farin að skipta gjaldi fyrir 8,5 klukkustundir upp í fimm einingar sem byrja að telja við sex og hálf klukkustund, **verður tímagjald sem nemur 5253** krónum fyrir hverja hálf klukkustund umfram sex klukkustundir.

Staðan núna



Mismunur á núverandi líkani og tillögunni



Hefur bærinn efni á þessu?

Hvað gerist ef gjaldskránni er breytt?

Bærinn borgar nú þegar um 90% af kostnaði

Sem gróft sagt má orða þannig að bærinn borgi 54 mín. af hverri klukkustund sem barn er í leikskóla.

Þetta táknar að þó tekjutap verði nokkuð þarf litlar breytingar á viðveru barna til að útgjaldalækkun bæjarins verði veruleg.

Framkvæmd tillögunnar ætti að hafa óverulegan kostnað í för með sér, en gríðarlegan sparnað fyrir fjölskyldufólk og betri lífsgæði fyrir börn og foreldra þeirra.

Umfjöllun og niðurstaða fjármálasviðs


Guðmundur Sverrisson sérfræðingur á fjármálasviði kom til fundar við hópinn og birti upplýsingar og annaðist útreikninga. Guðmundur birti meðal annars eftirfarandi tölfræði

Tafla 1. Innheimt leikskólagjöld og hlutfall í afslætti

	2016	2017
Innheimt leikskólagjöld	395.358.427	393.281.837
Seldar klst	127.500	127.277
Fjárhæð tekjutengds afsláttar	- 27.605.878	- 21.764.630
Fjöldi klst tekjutengdur afsláttur	- 8.807	- 7.040
Systkinaafsláttur - Fjárhæð	- 21.221.485	- 28.890.383
Annar afsláttur 2011		
Systkinaafsláttur - klst	- 6.848	- 9.335
Annar afsláttur - klst		
Heildarfjöldi klst	127.500	127.277
Tekjutengdur afsláttur	- 8.807	- 7.040
Systkinaafsláttur	- 6.848	- 9.335
Hjúsk-Námst-Starfsm. Afsláttur	-	-
Samtals afsláttur	- 15.655	- 16.375


Hlutfall	2016	2017
Tekjutengdur afsláttur	6,9%	5,5%
Systkinaafsláttur	5,4%	7,3%
Hjúsk-Námst-Starfsm. Afsláttur	0,0%	0,0%
Samtals afsláttur	12,3%	12,9%

Mynd 1: Uppbyggingu á stöðugildum í leikskóla, > 90 nemenda leikskóla sem dæmi.



Hálftíminn kostar 5.253 eftir 6 klst. **Kostnaður vegna þessa er á bilinu 37-40 m.kr ef engin breyting verður á dvöl nemenda.**

Mynd 2:



Hálftíminn kostar 5.253 eftir 6 klst. Kostnaður vegna þessa er á bilinu 37-40 m.kr ef engin breyting verður á dvöl nemenda.

Niðurstöður fjármálasviðs

Voru að eftir að hafa stillt upp nokkrum áætlunarlíkönum þar sem reiknað var hlutfall þeirra sem myndu velja það að fara í 6 tíma vistun, að hvernig sem breytingarnar yrðu væri tekjutap bæjarins vegna styttri dvalartíma í öllum tilfellum minna en sparnaður vegna minni þrýstings á kerfið.

Umfjöllun og niðurstöður leikskólastjóra

Þann 31. janúar sl. var haldinn vinnufundur með leikskólastjórum. Á fundinum voru tveir liðir á dagskrá. Annars vegar kynnti Hörður Svavarsson formaður starfshóps um bætta starfsaðstæður í leikskóla tillögur að 6 tíma gjaldfrjálsum leikskóla og Haraldur F. Gíslason formaður félags leikskólakennara fjallaði um áskoranir leikskólastigsins.

Á þessum fundi fóru leikskólastjórar jafnframt í greiningavinnu (SVÓT) og skiptust í hópa þar sem greining var gerð á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum, hvað varðar sex tíma gjaldfrjálstan leikskóla og hvaða áhrif slíkt hefði á leikskólalífið í Hafnarfirði í heild sinni.

Þættir sem ræddir voru, voru: mönnun, opnunartími, nýting á húsnæði, faglegt starf og uppeldisfræðileg rök.

Umræðan var svo út frá styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum.

Þátttaka í umræðum var góð og voru leikskólastjórar virkir og áhugasamir. Samhljómur umræðanna var heilt yfir að minnka álag, minni skipulagsvinna varðandi undirbúningstíma. Einnig voru þeir sammála um að þetta myndi ýta undir fjölskylduvænna samfélag þar sem foreldrar gætu gefið sér meiri tíma til samveru með barninu sínu.

Niðurstaðan er að mikill meirihluti leikskólastjóra eða um 95% telja gjaldfrjálsan leikskóla geta stutt við bætтар starfsaðstæður í leikskólum.

Greiningu á þessum þáttum er að finna í fylgiskjali.

Umfjöllun starfshóps

Starfshópurinn fjallaði ítarlega um tillöguna á sjö fundum og óhætt er að segja að skoðun á henni og umræða um ýmsa þætti hennar hafi tekið stærstan hluta af þeim takmarkaða tíma sem starfshópurinn hafði til umráða.

Starfshópurinn fjallaði um fjárhagslegar forsendur tillögunar, hugsanleg áhrif hennar á fjölskyldur og starfsmannahald í skólum en eins og rakið hefur verið hér að ofan benda sterk rök til þess að komist tillaga um sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla til framkvæmda hafi það jákvæð áhrif á alla þessa þætti.

Starfshópurinn tók hinsvegar þá afstöðu að hvað sem ofantöldum þáttum líður, beri hópnum bæði siðferðileg og lagaleg skylda til að móta sína afstöðu með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Það hefur komið fram í þeim tillögum sem hópurinn hefur áður sent frá sér að hann telur rými fyrir börn í leikskólum vera af skornum skammti, barnahópar eru þar stórir og börn dvelja að jafnaði lengur í leikskólanum en fullan vinnudag fullorðinnar manneskju.

Komu sérstaklega til umfjöllunar ábendingar Sæunnar Kjartansdóttur sálfræðings sem hún hefur sett fram í ræðu og riti á undanförunum misserum. Til að mynda þessi áskorun sem er hluti af dagblaðsgrein í mars 2018. „**Róttækra breytinga er þörf:** Brýnasta hagsmunamál ungbarna er lengra fæðingarorlof. Nú stendur til að lengja það í tólf mánuði fyrir börn sem eiga tvo foreldra en sjö fyrir börn einstæðra foreldra. Við þurfum að gera mun betur. Þangað til fæðingarorlofið verður tvö ár fyrir öll börn er mikilvægt að leita leiða til að koma til móts við ungbarnafjölskyldur og gera foreldrum kleift að vera lengur heima með barni sínu eða stytta tímenn sem þau eru aðskilin. Mikilvægur liður í þeirri viðleitni er stytting

vinnuvikunnar ásamt sveigjanlegum vinnutíma foreldra og vistunartíma í leikskóla þannig að báðir foreldrar geti sinnt barni og starfi.”

Starfshópurinn telur því brýnt að nýta það svigrúm sem getur falist í tillögum um sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla til að stytta vinnudag barna. Mikilvægt er í kjölfarið á því að endurskipuleggja leikskóladaginn, þar sem horft væri til þess að allt nám samkvæmt Aðalnámskrá fari fram á skilgreindum tíma innan dagsins en foreldrar geti keypt viðbótartíma í skólunum eftir þörfum. Slík endurskipulagning krefst ígrundunar og vinnu yfir langan tíma, samhliða breytingum sem getur orðið á dvalartíma barns í kjölfarið á nýrri gjaldskrá um sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla.

Starfshópurinn telur einnig einkar mikilvægt að þau börn sem ekki eru í leikskóla, jafnvel vegna takmarkaðra fjárráða foreldra, ættu þess kost að fá menntun í leikskóla eins og önnur börn á þeirra aldri ef gjaldskránni verður breytt.

Starfshópurinn leggur því til að fræðsluráð samþykki tillögu um breytingu á gjaldskrá í þá veru að sex tíma leikskóladagur verði gjaldfrjáls.

Samantekt og niðurstöður

Hér hafa komið fram margvísleg sjónarmið á tillögu um að gjaldskrá leikskóla Hafnarfjarðarbæjar verði breytt í þá veru að sex tíma dvöl í leikskóla verði gjaldfrjáls.

Sjónamiðin styðja öll tillöguna. Hún er fjárhagslega hagkvæm fyrir sveitarfélagið, eykur svigrúm fjölskyldna, getur stytta vinnudag barna, getur veitt fátækum börnum tækifæri til að ganga í skóla, getur minnkað þrýsting á leikskólakerfið sem nú er mjög mikill, getur veitt svigrúm til að koma öðrum umbótatillögum í framkvæmd, skólastjórar styðja hana og starfshópurinn er sammála um hana.

Starfshópurinn leggur því til að fræðsluráð samþykki tillögu um breytingu á gjaldskrá í þá veru að sex tíma leikskóladagur verði gjaldfrjáls.

Janframt leggur starfshópurinn til að stofnað verði til skipulagðrar vinnu í leikskólasamfélaginu, með starfshópi eða einhverju öðru sniði, þar sem viðfangsefnið verði að endurskilgreina leikskóladaginn með tilliti til styttri vinnudags barna.

Viðauki - Samantekt á niðurstöðum hugmyndavinnu leikskólastjóra frá leikskólastjóra fundi í janúar 2018 um bættar starfsaðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar.

Sex tíma gjaldfrjáls leikskóli		
Mönnun	Umræða	Athugasemdir
Styrkleikar	<ul style="list-style-type: none"> Gæti fækkað börnum Styttri leikskóladvöl Miri svigrúm fyrir undirbúning Faglegt starf þéttara Sterkara fagumhverfi Minna álag Drögum úr fjölda starfs í lokun Undirbúningur næst á vinnutíma Höldum „eldri“ leikskólakennurum Betra starfsumhverfi Ætti að fækka starfsmönnum seinni part Sveigjanlegur vinnutími 	
Veikleikar	<ul style="list-style-type: none"> Gæti fjölgað börnum Erfitt að manna eftir kl 14 eða til kl 17 Mismunum á milli foreldrar ef vistunartíma er stýrt fólk vill val 	
Ógnanir	<ul style="list-style-type: none"> Leikskólastarfsfólk gæti viljað minnka starfshlutfall Faglegu starfi ógnað Starfsfólk minnar vinnuna Barnafólk vill minni vinnutíma til að sækja eigið barn Viðbrögð foreldra og atvinnulífs 	
Tækifæri	<ul style="list-style-type: none"> Dagurinn gæti „dáið út“ Stöðugleiki í 8-16 vinnutíma Undirbúningur frá 14 Fundir eftir kl 14 Hugsanlega koma leikskólakennarar sem eru hættir Fáum aftur leikskólakennara sem hafa fært sig yfir í grunnskóla Léttir á leikskólanum seinni part dags Barnvænni vinnstaður 	

Opnunartími		
Styrkleikar	<ul style="list-style-type: none"> Gjaldfrjáls frá 8-15/14 þ.e. 6 tímar innan þess ATH: fasta tíma frá kl 8.30 – 14.30 6 tímar gjaldfrjálsir væri bundið við 8.30 – 14.30 / 8.00 – 14.00 Minnkar almennt álag Leikskólakennarar í barnastarfi frá 8-14 Undirbúningur frá 14-16 þarf ekki afleysingu 	
Veikleikar	<ul style="list-style-type: none"> Ef foreldrar velja 9-17 þ.e. 8 tíma þá styttist dagurinn ekki í annan endann Áhrif atvinnulífsins á pólitíkina Áhrif atvinnulífs á foreldra 	
Ógnanir	<ul style="list-style-type: none"> Foreldrar gætu orðið ósáttir ef tíminn er niður njörvaður Atvinnulífið Hópur foreldra og atvinnulífið munu rísa upp Atvinnulífið og hluti foreldrar 	
Tækifæri	<ul style="list-style-type: none"> Opnunartíminn gæti orðið styttri Barnvænna/ fjölskylduvænna samfélag Styttri opnunartími Sveigjanlegur vinnutími starfsmanna Undirbúningur gæti verið á milli 14-16 Samtal við atvinnulífið um samræming milli leikskólustarf og atvinnulífs Möguleikar á að stytta opnunartíma leikskóla 	
Nýting á húsnæði		
Styrkleikar	<ul style="list-style-type: none"> Dagurinn fjarar út Betra starfsumhverfi fyrir alla Álag minnkar við færri börn Færri í húsi eftir 14.30 Fleiri fermetrar á barn Nýta húsnæði fyrir undirbúningstíma Auðveldara að hafa stærri fundi á vinnutíma (fagfundir) Meira rými fyrir börn e.kl 14 Gæti auðveldað styttingu vinnudags/færri börn 	
Veikleikar	<ul style="list-style-type: none"> Allir þurfa að nota undirbúningstíma á sama tíma 	
Ógnanir	<ul style="list-style-type: none"> Þrýstingur foreldrar að nýta rýmið betur í skemmri tíma Pólitík=fjölgun barna gæti verið „tækifæri“ þar sem börnum fækkar Þrýstingur foreldra um að taka fleiri börn inn, yngri börn Ef undirbúningur er allur frá 14-16 þá vanar vinnuástöðu fyrir alla og tæki og tól Fækki ekki börnum og fólk kaupi upp í 8 tíma, 20 þús! 	
Tækifæri	<ul style="list-style-type: none"> Loka fyrr 	

	<ul style="list-style-type: none"> • Vera í forystu fyrir að stytta vinnuvikuna • Betra starfsumhverfi • Hægt að ræsta skólann • Minna álag á alla í starfsumhverfinu • Minni starfsmannavelta 	
Faglegt starf		
Styrkleikar	<p>Skilgreint faglegt starf ákveðin tíma Undirbúningur næsta alltaf og því vel undirbúið starf Fagfólk fyrir hádegi – tryggara Ánægðara starfsfólk Markvissara fagstarf Undirbúningstímar á milli 14 – 16 (að mestu) Fagfólk yrði í vinnu með börnum í 6 klst Fagfólk gæti verið á fundum og undirbúningi Meira svigrúm fyrir undirbúning Faglegt starf þéttara Stöðug mönnun á deildum til ca 14 Faglegt starf í gangi svo undirbúningur Stytting vinnuviku í 35 þar sem unnið er 40 tímar Jákvætt fyrir leikskólakennara að hafa undirbúning e.kl 14</p>	
Veikleikar	<p>Minni þjónusta við foreldra Meira álag á þau börn sem verða lengur en 6 tíma Fleira starfsfólk Hagnast ekki yngstu börnunum sem sofa á milli 12 – 14 Ófaglært starfsfólk í lok dags/gæsla Samskipt við foreldra verða minni við fagfólk</p>	
Ógnanir	<p>Ekki faglegt starf frá 14.30 Vantar aðstæður fyrir leikskólakennar í undirbúningsvinnu Minna faglegt starf eftir kl 14.00 Vantar fagfólk með börnum í lok dags</p>	
Tækifæri	<p>Markvissara Minni truflun á undirbúning Fagfólk fundar saman eftir kl 14.30 Fagumræða í undirbúningstímum Fundarhæft Jafningjastuðningur Tækifæri fyrir starfsfólk að vinna saman Minnkar álag Loka kl 16.30 eða hækka gjald mjög eftir 8.5 tíma Aukið faglegt starf Svigrúm fyrir undirbúning Aukin samvinna í undirbúningi Aukin meðvitund foreldrar um mikilvægi þess að vera með börnum sínum í fleiri stundir en nú eru</p>	
Uppeldisfræðileg rök	Með	Á móti
Styrkleikar	<p>Markvissara fagstarf Starfshvetjandi starfsumhverfi m.a. fyrir leikskólakennara í öðrum störfum Öll börn fá sömu tækifæri (allir foreldrar hafa jöfn tækifæri til að hafa börn í leikskóla)</p>	

	<p>Stytttri leikskóladvöl Meiri samvera með foreldrum Meiri stöðugleiki Skýr rammi um faglega starfið Stöðugleiki á starfsfólki á þessum tíma Minna álag á börn ef dvalartími þeirra styttest</p>	
Veikleikar	<p>„gæsla“ á milli 14 – 16 Börn læra best og mest þegar þeim líður vel og það er ekki endilega á milli kl 8-14 Sum börnin sofa á þessum tíma 12-14 (yngstu börnin)</p>	
Ógnanir	<p>Að konur myndu taka að sér að stytta vinnuvikuna Fagfólk gæti farið fyrr „geymslustaður“ e. Kl 14 Leikskólanum er að blæða út og óvíst að þetta fjölgi leikskólakennrumum Ógnun við jafnrétti kynjanna</p>	
Tækifæri	<p>Ná til þeirra 5% barna sem eru ekki í leikskóla Börnum ekki mismunað</p>	